

Selfossi, 2. febrúar 2026

Bæjarstjórn Árborgar
Bragi Bjarnason, bæjarstjóri
Ráðhús Árborgar

Efni: Beiðni um framlengingu á húsaleigusamningi vegna starfsemi Háskólafélags Suðurlands í Sandvíkursetri (Fjölheimum).

Háskólafélag Suðurlands, kt. 650108-0350, er aðili að húsaleigusamningi um atvinnuhúsnæði að Bankavegi á Selfossi, dags. 12. september 2012, milli Háskólafélagsins og Sandvíkurseturs ehf., kt. 640212-1440. Samningnum hefur tvívegis verið framlengt, nú síðast með viðauka nr. 2 dags. 16. ágúst 2024 þar sem leigutímanum er framlengt til ársloka 2026.

Í ljósi þess að samningurinn hefur staðið óslitið frá 2012 og mun því hafa verið í gildi lengur en 14 ár við lok núverandi samningstíma, skal bent á að samkvæmt 56. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 er uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings um atvinnuhúsnæði eitt ár þegar leigutími hefur farið yfir 10 ár. Sú staða veitir leigutaka aukið öryggi og undirstrikar mikilvægi þess að áframhaldandi húsaleiga sé vel skipulögð.

Með vísan til framangreinds óskar Háskólafélag Suðurlands hér með eftir því að leigusamningurinn verði framlengdur um fjögur ár, þ.e. frá 1. janúar 2027 til og með 31. desember 2030, á óbreyttum meginforsendum, í samræmi við drög að nýjum viðauka sem fylgja bréfi þessu. Gert er ráð fyrir að leigufjárhæð og verðendurskoðun haldist áfram samkvæmt 8. gr. samningsins og gildandi ákvæðum þar um.

Starfsemi í Sandvíkursetri (Fjölheimum) hefur verið í stöðugum vexti. Þar starfa m.a. Fræðslunet Suðurlands, Birta Starfsendurhæfing, Bergrisinn og Háskólafélag Suðurland sem starfrækir nemenda- og prófapjónustu, styður við frumkvöðla í sínum fyrstu skrefum í nýsköpun, auk annarra aðila sem sinna mennta- og velferðarstarfi í Fjölheimum. Þjónustan er orðin mikilvægur þáttur í atvinnu-, mennta- og velferðarþróun í Árborg og er brýnt að tryggja henni stöðug og fyrirsjáanleg húsnæðisskilyrði til næstu ára.

F.h. hönd aðila í Fjölheimum þá fer Háskólafélag Suðurlands vinsamlegast fram á að bæjarstjórn Árborgar samþykki framlagðan viðauka við samninginn og heimild til að undirrita hann fyrir hönd Sveitarfélagsins Árborgar.

Virðingarfyllt,

Ingvaldur Sæmundsdóttir

Framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands